

Skýrsla
Æskulýðsnefndar
Kóps



2012

Æskulýðsnefnd: Kristín Ásgeirsdóttir
Harpa ósk Jóhannesdóttir
Þórgunnur María Guðgeirsdóttir.

Æskulýðsnefnd fundaði ekki mjög oft en síminn var notaður.

Starfið hófst markvisst eftir áramót. Við óskuðum eftir að komast í samstarf við Kirkjubæjarskóla á Síðu (grunnskóla Skaftárhrepps) sem var þannig háttað að tvær valkennslustundir í stundaskrá nemenda í 5-10.bekk fékk Hmf. Kópur til afnota. Við buðum uppá „Þekkingaröflun á sviði hesta og hestamennsku“ sem var leiðbeinandi aðstoð við að auka þekkingu sína á íslenska hestinum og hestamennsku. Átta krakkar skráðu sig í þetta val. Þetta var bóklegt og verklegt. Í bóklegahlutanum var farið í ýmiskonar upplýsingaöflun um hesta og allt mögulegt sem þeim tengist og það verklega var t.d. að hreinsa reiðtygi og læra heiti á þeim, farið í reiðkennslutíma þar sem æft var jafnvægi og ýmislegt fleira. Krakkarnir fóru oftast heim með skólabíl en stundum héldum við áfram eftir skóla og keyrðum þá krakkana heim að loknu verkefni.

Þetta mæltist vel fyrir og vona ég sannarlega að þetta samstarf geti orðið áfram. Þakka hér með Kbs. fyrir samstarfið og jákvætt viðhorf.



Helgarnámskeið fyrir 6-16 ára, var haldið í mars. Þátttaka var góð og tókst það vel í alla staði.

Í apríl var pizzupartý. Þátttaka var mikil og mikið fjör. Krakkarnir sem voru í hestavalinu miðluðu af þekkingu sinni og kynntu það helsta sem þau höfðu verið að gera. Hellingur af pizzum ásamt sætum drykkjum, rann ljúflega niður í maga. Síðan var farið í leiki, sagðir brandarar og skemmtisögur. Sem sagt mikið fjör. Margir foreldrar mættu með krökkunum og tóku þátt í fjörinu en aðrir voru sóttir í lokin svo allir héldu glaðir og saddir heim.

Firmakeppni félagsins er haldin í apríl. Þá er keppt í barna og unglingaflokk.

Einungis tveir keppendur voru í barnaflokk en fleiri í unglingaflokk þar sem nágrannar okkar frá Sindra komu og tóku þátt. Mjög ánægjulegt að Sindrafélagar koma og taka þátt í keppni hjá okkur og hafi þau kæra þökk fyrir komuna.



Okkur stóð til boða þátttaka í Hestafjöri sem haldið var í Sleinishöllinni á Selfossi. Möguleiki var ekki á því að sinni en buðum upp á sætaferð fyrir áhorfendur. Þátttaka var léleg en þau fáu sem fóru skemmtu sér konunglega og ekki síst þeir fullorðnu. Vona ég sannarlega að Kópskrakkar verði einhverntíma þátttakendur og að Hestafjör verði til áfram. Frábærar sýningar hjá æskulýð félaganna á Suðurlandi.

Reiðskólinn var haldinn í júní. Árvisst og ómissandi námskeið.

Fyrri hlutinn fór fram á Syðri-Fljótum. Kennari var Kristín Lárusdóttir. Seinni hlutinn var síðan á mótssvæðinu okkar þar sem krakkarnir fengu æfingu í að vera keppendur. Seinasta daginn stóð til að slútta með pylsugrilli úti en það gerði það sem við köllum stundum hefðbundið reiðskólaveður, sem sagt ausandi rigningu. Krakkarnir létu það ekki á sig fá og kláruðu námskeiðið með sóma, ekkert vol eða væl, skelltu sér bara í galla. Ákveðið var þó, vegna óveðursins, að sleppa útreiðartúrnum sem vera átti lokaverkefnið. Var síðan leitað á náðir góðs bónda í nágrenninu og fengin aðstaða í fjárhúsinu hjá honum þar sem pylsurnar voru grillaðar í krakkana og gesti þeirra. Í lokin fengu síðan allir viðurkenningu fyrir þátttökuna.





Félagsmótið okkar var síðast í júlí. Í vikunni fyrir var krökkunum boðið að koma tvö kvöld og æfa sig fyrir keppni. Allir mjög ánægðir með það og við ánægð með að þátttaka í barna og ungl.fl.er á uppleið hægt og sígandi þó.

Kópur átti einnig keppanda í barnaflokk á landsmóti en svo hefur ekki verið lengi. Hún stóð sig mjög vel og var félaginu sínu til sóma.

Á íþróttahátíð U.S.V.S.í ágúst sem er aðal íþróttaviðburður ársins hjá sambandinu var keppt í hestaíþróttum. Þetta var nýbreytni hjá sambandinu og tókst vel. Hátíðin stóð í tvo daga, þann fyrri var keppt í frjálsum og seinni í hestaíþróttum og golfi. Mjög gott mál hjá U.S.V.S.

Félagsferðin okkar var að venju farin í ágúst og þar eru krakkarnir þátttakendur. Þetta er helgarferð og að þessu sinni var safnast saman í Álftaveri á föstudagskvöldið, gist í Herjólfsskóla, farið í góðan útreiðartúr á laugardeginum, sameiginleg grillveisla um kvöldið og haldið heim á sunnudag. Krakkarnir duglegir á hesti alla dagana.

Þetta er svona það helsta sem gert hefur verið þetta árið og krakkarnir eru líka dugleg og áhugasöm að starfa með almennt innan félagsins, ekki bara það sem sérstaklega er ætlað þeim. Það er einmitt svo skemmtilegt þar sem ekkert kynslóðabil er, allir hafa gaman, saman.

Með kærri kveðju
f.h. Æskulýðsnefndar Hestamannafélagsins Kóps
Kristín Ásgeirsdóttir



